

	Kr.	Kr.	86
	Flutt	1695,00	
3. Eptirstöðvar við árslok 1888 :			
a. Í veðskuldabréfum . . . . .	17565,00		
b. - ógreiddum vöxtum . . . . .	12,00		
c. - peningum . . . . .	1302,63	18879,63	
		<u>Gjöld alls</u>	20574,63

Íslands suðuramt, Reykjavík, 21. febr. 1889.

*E. Th. Jónassen.*

### Ágrip

87

af reikningi yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í suðuramntinu árið 1888.

#### Tekjur.

1. Eptirstöðvar við árslok 1887 :			
a. Innritunarskýrteini Litr. A. Fol. 82 . . . . .	3300,00		
b. Veðskuldabréf einstakra manna . . . . .	450,00		
c. Í sparissjóði . . . . .	126,45		
d. Í peningum . . . . .	153,16	4029,61	
2. Vextir af höfuðstól sjóðsins:			
a. Af innritunarskýrteini sjóðsins . . . . .	115,50		
b. — skuldabréfum einstakra manna . . . . .	16,00		
c. Vextir úr sparissjóði . . . . .	4,71	136,21	
		<u>Tekjur alls</u>	4165,82

#### Gjöld :

1. Styrkur veittur þjóðjarðalandsetum og ekkjum þeirra . . . . .		140,00	
2. Eptirstöðvar við árslok 1888 :			
a. Innritunarskýrteini Litr. A. Fol. 82 . . . . .	3300,00		
b. Veðskuldabréf einstakra manna . . . . .	450,00		
c. Í sparissjóði Reykjavíkur . . . . .	232,27		
d. Í peningum . . . . .	43,55	4025,82	
		<u>Gjöld alls</u>	4165,82

Íslands suðuramt, Reykjavík, 26. febr. 1889.

*E. Th. Jónassen.*

### Skýrsla

88

um aðalfund amtsráðsins í vesturamntinu 15., 17. og 18. júní 1889.

Ár 1889 h. 15. júní átti amtsráð vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi, og mættu á fundinum amtmaður E. Th. Jónassen, forseti amtsráðsins, Hjálmur Pjetursson amtsráðsmaður, og í forföllum amtsráðsmanns sýslumanns S. E. Sverrisens vara-amtsráðsm. skólastjóri Torfi Bjarnason frá Ólafsdal.

88

Eptirgreind málefni komu fyrir á fundinum :

1. Forseti lagði fram :

- a, reikning yfir jafnaðarsjóðsgjald í vesturamtinu 1888 ;
- b, — — — — — búnaðarskólagjald vesturamtsins 1888 ;
- c, — — — — — tekjur og gjöld búnaðarsjóðs vesturamtsins 1888 ;
- d, — — — — — tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi árið 1888.

Amtsráðið rannsakaði þessa reikninga, og þótti ekkert athugavert við þá.

2. Forseti lagði fram eptirnefnda sýslusjóðsreikninga :

- a, úr Ísafjarðarsýslu 1888 ;
- b, — Dalasýslu s. á. ;
- c, — Strandasýslu s. á. ;
- d, — Snæfellsness- og Hnappadalssýslu s. á.,  
og var ekkert athugavert við þessa reikninga.
- e. — Barðastrandarsýslu 1887.

Við þennan reikning var ekkert sjerlegt athugavert, en amtsráðið vill þó endurtaka þá athugasemd, sem gjörð var við fyrra árs sýslusjóðsreikning, að sýslumaður gangi ríkt eptir, að bæði sýslusjóðs- og vegagjald sje borg- að í tæka tíð, en það sjezt af reikningnum 1887, að þessu er talsvert ábótavant enn þá.

Reikningar fyrir 1888 vanta :

- a, úr báðum pörtum Barðastrandarsýslu og
- b, — Mýrasýslu.

3. Þá lagði forseti fram eptirgreind eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna :

- a, eptirrit af aðalfundi Barðastrandarsýslu 29. maí 1888 og af aðalfundi 30. apríl 1889.
- b, eptirrit af aðalfundi í Dalasýslu 21. og 22. maí p. á. ;
- c, — — — — — sýslunefndar Ísafjarðarsýslu 4.—8. apríl p. á.
- d, — — — — — Snæfellsness- og Hnappadalss. 25.—27. apríl p. á.

Amtsráðið yfirfór þessi eptirrit, og fann ekkert sjerlegt athugavert við þau; en við

- e, eptirrit af aðalfundi sýslunefndar Strandasýslu 21.—23. marz p. á., þótti amtsráðinu það athugavert, að sýslunefndin hafði tekið til greina kæru yfir útsvari eins búanda, enda þótt hann ekki hefði kært úrskurð hreppsnefndarinnar í tæka tíð, og enda þótt amtsráðið ekki finni næga ástæðu til þess að ónýta ályktun sýslunefndar um þetta mál, vill það þó áminna sýslunefndina um í því efni eptirleiðis að fylgja fyrirmælum laganna. Enn fremur vill amtsráðið taka það fram, að þar sem sýslunefndin hefur rætt um breytingu á gjafabrjefi Eiríks sáluga Ólafssonar til handa Broddaneshreppi forna, þá er það málefni ekki sýslunefndarmál, og hefði málið því ekki átt að takast til umræðu á fundinum.

(Framhald næst).

## Nýútkomið í A.-deild.

- Lög um aðflutningsgjald á kaffi og sykri*, undirskrifuð af konungi 9. ágúst 1889 (A. nr. 10, bls. 20—25).
- Lög um breyting á lögum 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki*, undirskrifuð af konungi 9. ágúst 1889 (A. nr. 11, bls. 26—27).
- Lög um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872*, undirskrifuð af konungi 9. ágúst 1889 (A. nr. 12, bls. 28—29).
- Lög um bann gegn botnvörpurreiðum*, undirskrifuð af konungi 9. ágúst 1889 (A. nr. 13, bls. 30—31).
- Lög um bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla o. fl.*, undirskrifuð af konungi 9. ágúst 1889 (A. nr. 14, bls. 32—33).

## Skýrsla

88

um aðalfund amtsráðsins í vesturamtinu 15., 17. og 18. júní 1889. (Framhald).

4. Forseti lagði fram beiðni frá 1 prestri til stiptyfirvaldanna um, að útveguð yrði kennsla handa mállausri stúlku í sókn hans, og höfðu stiptyfirvöldin óskað yfirlýsingar amtsráðsins um, hvort það vildi leggja fram fje úr jafnaðarsjóði amtsins til kennslunnar.
 

Með því amtsráðinu er kunnugt um, að hinn núverandi kennari heyrnar- og mállausra hjer á landi, síra Páll Pálsson á Þingmúla, hefur tjáð landshöfðingja, að hann að 2 árum liðnum hætti kennslu þessari algjörlega, sá amtsráðið það til einskis að senda síra Páli til kennslu þessa stúlku, en er að öðru leyti fúst til að borga úr jafnaðarsjóði kennslu þessarar stúlku, ef hægt er að útvega henni kennslu á hentugum stað annarstaðar hjer á landi.
5. Samþykkt breyting á takmörkum á 6. og 7. yfirsetukvennahjeruðum í Barðastrandarsýslu eptir uppástungu sýslunefndar.
6. Samþykkt ályktun sýslunefndar Barðastrandarsýslu um, að Magnfríði Gísladóttur í Höfðadal fyrir langa og dygga þjónustu við yfirsetukvennastörf veitist 20 kr. styrkur úr sýslusjóði.
7. Lagt fram brjef sýslunefndar Ísafjarðarsýslu, dags. 6. maí þ. á., þar sem hún sendir amtsráðinu bónarbrjef Ásgeirs Guðmundssonar á Arngerðareyri, dags. 26. marz, með 1 fylgiskjali, um styrk úr styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. á yfirstandandi ári, með þeim tilmælum, að amtsráðið vilji koma málefni þessu áleiðis með meðmælum sínum. Samþykkt að mæla sem bezt með tjeðu bónarbrjefi.

27. dag ágústmán. 1889.

- 88 8. Lagt fram brjef frá sýslunefnd Ísafjarðarsýslu, dags. 6. apríl p. á., þar sem hún fer þess á leit við amtsráðið, að það vilji taka til íhugunar, hvort ekki muni ástæða til þess að breyta reglugjörð Ólafsdalsskólans, þannig að danska eigi sje skyldunámssgrein við þennan skóla.

Amtsráðið vill út af þessari beiðni taka það fram:

- 1, að ekki verður sjeð, að dönskunámið í Ólafsdalsskólanum 2—3 stundir á viku á nokkurn hátt hafi staðið nje geti staðið kennslunni á skólanum fyrir þrifum, og að amtsráðið álitur æskilegt, að búfræðingar kunni dönsku til þess að geta fært sjer í nyt danskar, norskar og sænskar bækur í búfræði;
- 2, að danska er kennslugrein í reglugjörðum hinna annara búnaðarskóla hjer á landi;
- 3, að hentugar kennslubækur íslenzkar, er notaðar verði við kennsluna í búnaðarskólanum í Ólafsdal, ekki enn þá eru til;
- 4, að engin önnur sýslunefnd í vesturamtinu en sýslunefnd Ísafjarðarsýslu hefur beiðzt þess, að amtsráðið vilji hlutast til um, að danska verði af numin sem kennslugrein við skólann í Ólafsdal.

Af greindum ástæðum sjer amtsráðið sjer ekki fært að gjöra breytingu á reglugjörð Ólafsdalsskólans að svo stöddu, að því er snertir dönsku-kennsluna þar.

9. Sýslunefnd Ísafjarðarsýslu leyft að taka 4000 kr. lán til gufubátskaupa í viðbót við 6000 kr. lán það, sem sýslunefndinni áður hefur verið leyft að taka í því skyni.
10. Eptir tillögu sýslunefndar Ísafjarðarsýslu samþykkt, að vegur yfir Botnsheiði sje numinn úr tölu sýsluvega.
11. Veittur 100 kr. styrkur fyrir yfirstandandi ár úr jafnaðarsjóði vesturamtsins til kvennaskólans í Reykjavík eptir beiðni frá forstöðunefnd þessa skóla.
12. Samkvæmt tillögum sýslunefndar í Mýrasýslu veittar 100 kr. úr jafnaðarsjóði til borgunar á ógreiddu varðkaupi 1 manns í Botnsvogaverði 1878 til varnar gegn útbreiðslu fjárkláðans.
13. Forseti lagði fram tillögur sýslunefndanna um, hvar aðalpostleiðir skuli liggja um sýslurnar (sbr. lög 10. nóv. 1887), nema úr Ísafjarðarsýslu og Austur-Barðastrandarsýslu; þaðan vöntuðu enn tillögur um þetta efni.

Hinar frammannefndu tillögur voru samþykktar af amtsráðinu.

14. Lagðar fram tillögur frá neðanefndum sýslunefndum:

- a, Mýrasýslu,
- b, Dalasýslu,
- c, Strandasýslu,
- d, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu,
- e, Vestur-Barðastrandarsýslu

um, hvar sýsluvegir skuli vera í sýslunni (sbr. lög 10. nóv. 1887).

Þessar tillögur voru samþykktar af amtsráðinu, þó með nokkrum breytingum að því Mýrasýslu snertir.

Frá Ísafjarðarsýslu og Austur-Barðastrandarsýslu voru tillögur um þetta efni ókomnar.

15. Formaður óskaði, að þar til gefnu tilefni, að amtsráðið vildi láta uppi tillögur um, hvernig verja skyldi vöxtum þeim, alls rúmum 300 kr., um næstu 3 ár af gull-

brúðkaups-legati Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans (sjá Stjórnartíðindi 1889 B, bls. 61), er vesturamtíð á að verða aðnjótandi. Eftir nokkrar umræður kom amtsráðinu saman um að leggja það til, að vöxtunum af greindri gjöf um næstu 3 ár verði varið til vegabóta á hinum svonefnda Arnarstapavegi í Mýrasýslu, sem er fjölfarinn vegur yfir miðbik vestari parts sýslunnar, en sem sökum torfæra á leið þessari útheimtir að lagt sje í hann meira fje en sýsluvegasjóður getur af hendi látið, ef aðgjörð á honum á að verða góð og varanleg.

16. Forseti skýrði amtsráðinu frá, að landlæknirinn yfir Íslandi hefði 23. febr. þ. á. skrifað amtinu og beiðzt þess, að veittur verði úr jafnaðarsjóði vesturamtsins fyrir bóluæfni, er landlæknirinn hefur útvegað handa vesturamtinu erlendis frá, 50 kr. Með því amtsráðinu ekki er annað kunnugt, en að landlæknirinn eigi heimtingu á eftir hinum gildandi lögum og ákvörðunum um bólusetningar, að fá árlega nægilegt bóluæfni frá heilbrigðisráðinu í Kaupmannahöfn, að því leyti það ekki hjer á landi er fánlegt, vildi amtsráðið ekki að svo stöddu leggja þetta gjald á jafnaðarsjóðinn.

17. Voru framlögð bónarbrjef um styrk af fje því, sem veitt er í fjárlögunum 10. gr. C. 4. c. til búnaðarfjelaga og Eyðaskóla frá neðannefndum búnaðarfjelögum :

- 1, frá búnaðarfjelagi í syðri hluta Strandasýslu ;
- 2, frá búnaðarfjelögum í Laxárdals-, Hvamms-, Fellsstrandar-, Saurbæjar- og Skarðstrandarhreppum í Dalasýslu ;
- 3, frá búnaðarfjelagi Skógarstrandarhrepps í Snæfellsnessýslu ;
- 4, — búnaðarfjelagi Barðastrandarhrepps í Barðastrandarsýslu.

Amtsráðið fól forseta að beina bónarbrjefum þessum til landshöfðingja með meðmælum, nema Skarðsstrandarhrepps, þar eð það fjelag ekki enn þá virðist fullkomlega komið á stofn.

18. Kæru frá Th. Amlie á Langeyri í Ísafjardarsýslu fyrir hönd hvalveidafjelagsins Mons Larsens & Co samastaðar yfir útsvari þessa fjelags til sveitarsjóðs Súðavíkurhrepps haustið 1888, er áður hefur verið lögð fyrir sýslunefnd Ísafjardarsýslu, þótti amtsráðinu eftir öllum málavöxtum eigi ástæðu til þess að taka til greina.

19. Lagt fram brjef frá æðarræktarfelaginu á Breiðafirði og við Strandaflóa til amtsráðsins, þar sem æðarræktarfelagið biður amtsráðið að sækja um allt að 5000 kr. lán til alþingis í sumar handa tjeðu æðarræktarfelagi með sömu kjörum og lánið frá 8. jan. og 4. des. 1886. Amtsráðið ályktaði að verða við þessum tilmælum æðarræktarfelagsins.

20. Amtsráðið samþykkti eftir tillögum æðarræktarfelagsins á Breiðafirði og við Strandaflóa breytingu á vargeyðingarreglum fjelagsins, að því er snertir verðlaun fyrir eyðingu svartbaks.

21. Samþykkt að verja til búnaðarskólans í Ólafsdal þannig á næsta ári :

1. Meðgjöf með 4 piltum í efri deild 150 kr. með hverjum þeirra,  
og með 6 piltum í neðri deild 250 kr. með hverjum = 2100 kr.
2. Til verkfærakaupa og viðhalds þeirra . . . . . 150 —
3. Borgun til prófdómenda . . . . . 90 —
4. Laun forstöðumanns . . . . . 800 —

Flyt 3140 —

88

	Flutt 3140 kr.
5. Laun aukakennara . . . . .	350 —
6. Til bókaupa og kennsluáhalda . . . . .	100 —
7. Afborgun og vextir af láni úr landsbankanum handa skólanum	150 —
8. Til Torfa Bjarnasonar upp í byggingarkostnað í Ólafsdal	200 —
	Alls 3940 —

og skal skal til þessa ganga búnaðarskólagjaldið úr vesturamtinu 1889, vextir s. á. af búnaðarskólasjóði og búnaðarsjóði vesturamtsins, og styrkur úr landssjóði, sem er veittur á fjárlögnum.

22. Amsráðið samþykkti beiðni frá sýslunefnd Strandasýslu um, að hún í ár til sýslu-sjóðs mætti jafna niður á hvert lausafjár- og fasteignarhundrað 15 a., sem er þriðjungi herra gjald en verið hefur um undanfarin ár.
23. Rædd og samþykkt áætlun yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs 1890:

## Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá f. á. og í sjóði . . . . .	1000 kr.
2. Niðurjafnað gjald . . . . .	1350 —
	= 2350 —

## Gjöld:

1. Kostnaður við bólusetning og til annara heilbrigðismálefna	300 —
2. Til kennslu heyrnar- og málleysingja . . . . .	300 —
3. Kostnaður við amsráðið . . . . .	350 —
4. Ferðakostnaður . . . . .	150 —
5. Ýmisleg gjöld . . . . .	250 —
6. Eptirstöðvar . . . . .	1000 —
	2350 —

Amtmaðurinn í Vesturamtinu, Reykjavík 17. júlí 1889.

*E. Th. Jónassen.*

89

## Skýrsla

um gjöf Jóns Sigurðssonar.

## Tekjur.

Eptir skýrslu, dagsettri 23. júlí 1887, átti sjóðurinn:	Kr.
a. Innritunarskírteini Ltra A. fol 93 . . . . .	8400,00
b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . . .	1021,50
	9421,50

Síðan hafa sjóðnum bætt þessar tekjur: Kr.

a. Ársvextir af innritunarskírteini til 11. júní '88 . . . . .	294,00
b. Ársvextir af sama til 11. júní '89 . . . . .	294,00
c. Ársvextir af fje í sparisjóði til 31. des. '87 . . . . .	21,10
d. Ársvextir af sama til 31. des. '88 . . . . .	28,39
e. Vextir af veðskuldabryfi, dags. 26. júní' 88, að upphæð 1000 kr.	40,00

Futt 677,49      9421,50